

## Þriðji fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki þriðjudaginn 12. mars 2024 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þróstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það fyrsta mál á dagskrá.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

### 1. Laugargerðisskóli

Sveitarstjórn er uppálagt í leiðbeiningum frá mennta- og barnamálaráðuneyti að taka fyrir ákvörðun sína um niðurlagningu Laugargerðisskóla. Ráðuneytið gerði athugasemd við að umsögn skóla- og fræðslunefndar vantaði við ákvörðunartökuna. Skv. ráðleggingum mennta- og barnamálaráðuneytisins tók skóla- og fræðslunefnd Sveitarfélagsins Stykkishólms málið til umfjöllunar á fundi sínum 15. febrúar 2024 og veitti eftirfarandi umsögn:

*Umsögn um breytingar á skólalaldi og starfssemi skóla – 2402011*

*Skóla- og fræðslunefnd Stykkishólms gerir ekki athugasemd við ákvörðun sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps um breytingar á skólalaldi og starfssemi skóla við niðurlagningu Laugargerðisskóla, með vísan til fyrirliggjandi gagna, enda hefur nefndin ekki forsendur til að komast að annarri niðurstöðu.*

Sveitarstjórn álitur að öllum formsatriðum hafi nú verið fullnægt í málinu.

Ákvörðun sveitarstjórnar stendur óbreytt við niðurlagningu Laugargerðisskóla.

Oddvita falið að greina mennta- og barnamálaráðuneytinu og KPMG frá niðurstöðu málsins.

### 2. Tilboð frá Mílu hf. í Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.

Lagt er fram kauptilboð frá Mílu hf. í ljósleiðarakerfi Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps og drög að kaupsamningi.

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita að vinna frekar að drögum samningsins með Mílu hf. og leiða út áhrif af mögulegri sölu á fjárhag sveitarfélagsins.

3. Áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að að sveitarfélög verði samstíga og sýni samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

Oddvita falið að vinna áfram og leggja mat á áhrif mögulegra gjaldskrárbreytinga á fjárhag sveitarfélagsins.

4. Barnaverndarþjónusta Vesturlands, tillaga um samstarf  
Tillaga um að sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu með Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit og að gerður verði viðauki við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem að birtur hefur verið í Stjórnartíðindum nr. 121/2024, um leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, á Vesturlandi þar sem Borgarbyggð mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag.

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að útfæra nánar fyrirbyggjandi drög að viðauka (samningi) um samstarf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Oddvita einnig falið að undirrita viðaukann (samninginn) að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir sveitarstjórn til síðari umræðu til staðfestingar.

5. Viðauki við samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyja- og Miklaholtshrepps

Lagðar eru til breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyja- og Miklaholtshrepps til fyrstu umræðu en um er að ræða viðauka vegna barnaverndarþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögu um breytingar á samþykktum til annarrar umræðu á næsta sveitarstjórnarfundum.

6. Breiðablik

Umræður um útisvæði og eldhús.

Oddviti leggur fram tilboð í hoppubelg og fótoltamörk.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að koma upp hoppubelg og koma fyrir fótoltamörkum á íþróttavelli á Breiðabliki fyrir sumarið.

Oddvita falið að ganga frá kaupum skv. tilboðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fara í endurbætur á eldhúsi.

Oddvita falið að leita ráðlegginga hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands varðandi endurbætur í eldhúsi.

7. Reglur um akstursþjónustu FSS fyrir aldraða  
Drög að reglum um akstursþjónustu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga fyrir aldraða lagðar fundinn.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða af sveitarstjórn.

8. Reglur um akstursþjónustu FSS fyrir fatlaða  
Drög að reglum um akstursþjónustu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga fyrir fatlaða lagðar fyrir fundinn.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða af sveitarstjórn.

9. Umsagnarbeiðni frá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II í Hrísdal

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við rekstrarleyfið með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.

Oddvita falið að svara erindinu.

10. Erindi frá Laufeyju Bjarnadóttur og Presti Aðalbjarnarsyni  
Pröstur vikur af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Í erindi sínu óska Laufey og Pröstur, eigendur jarðarinnar Stakkhamars í Eyja- og Miklaholtshreppi, eftir afstöðu sveitarstjórnar á kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 12 (eyjar, sker og hólma) á G-hluta, Vesturland utan Breiðafjarðar.

Kröfulýsing lögð fram.

Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps lýsir yfir andstöðu sinni við fyrirbyggjandi kröfulýsingu ríkisins varðandi eyjar, sker og hólma. Að mati sveitarstjórnar er krafan óskýr og haldin efnis- og formlegum annmörkum. Hagsmunir íbúa og landeigenda í Eyja- og Miklaholtshreppi eru ávallt hagsmunir sveitarfélagsins og því leggst sveitarstjórn gegn umræddri kröfulýsingu.

Bókun samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að svara erindinu og gera fjármála- og efnahagsráðherra og Óbyggðanefnd grein fyrir afstöðu sveitarstjórnar.

11. Sjálfbærnistefna 2024

Sjálfbærnistefna Snæfellsness lögð fram. Sjálfbærnistefnan verður jafnframt lögð fram til samþykktar hjá öllum sveitarstjórnnum sem að koma að Byggðasamlagi Snæfellinga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2024 og oddvita falið að undirrita sjálfbærnistefnuna f.h. sveitarfélagsins.

12. Fundargerð 203. fundar Félagsmálanefndar Snæfellinga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð 11. fundar Skóla- og fræðslunefndar Sveitarfélagsins Stykkishólms

Fundargerð lögð fram til kynningar.

14. Fundargerð 942. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

15. Fundargerð 943. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16. Fundargerð 944. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

17. Trúnaðarmál

Fundi lokað. Mál fært í trúnaðarbók.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:30.

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Þróstur Aðalbjarnarson – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign

